



Alþingi  
Eriundi nr. P 136/1473  
komudagur 25.3.2009

24. mars 2009  
SI-50450

Nefndasvið Alþingis  
nefndasvid@althingi.is  
Austurstræti 8 – 10  
150 Reykjavík

Með bréfi dags. 18. mars 2009, sem barst í tölvupósti sama dag, óskaði viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002 (þagnarskylda), og lögum um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði, nr. 30/2003 (upplýsingagjöf), 345. mál.

Frumvarpinu er ætlað að taka af tvímæli um að réttur viðskiptavina fjármálastofnana til að fá upplýsingar um ráðstöfun þeirra eigin fjármuna í verðbréfa- eða fjárfestingarsjóðum sé ríkari en þagnarskylda og bankaleynd. Gerður er greinarmunur á því hvort sjóðir séu opnir eða hvort þeim hafi verið slitið. Í síðarnefnda tilvikinu er réttur hlutdeildarskírteinishafa til upplýsinga ríkari. Lagt er til grundvallar að lagabreytingin gildi um hvern þann sjóð sem slitið hefur verið frá 1. janúar 2008.

Seðlabankinn telur æskilegt að eyða umræddri réttaróvissu og mælir því með samþykkt frumvarpsins.

Virðingarfyllst  
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Arnór Sighvatsson  
aðstoðarseðlabankastjóri

Sigríður Logadóttir  
aðallögfræðingur

SEÐLABANKI ÍSLANDS

KALKOFNSVEGI 1 · 150 REYKJAVÍK

SÍMI: 569 9600 · NETFANG: sedlabanki@sedlabanki.is · BRÉFASÍMI: 569 9605